



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
við undirritun
alþjóðasáttmála um rétt allra til táknmáls,
Bessastöðum
11. febrúar 2020**

Mennta- og menningarmálaráðherra,
Vigdís Finnbogadóttir,
formaður og framkvæmdastjóri Félags heyrnarlausra,
formaður Foreldra- og styrktarfélags heyrnardaufra,
formaður Málnefndar um íslenskt táknmál,
forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra,
aðrir góðir gestir.

Ég býð ykkur öll velkomin hingað á Bessastaði, á þennan hátíðarviðburð. Hér fögnum við tímamótum. Þennan dag fyrir réttum 60 árum var Félag heyrnarlausra stofnað. Við höldum líka upp á dag íslenska táknmálsins og innan stundar verður undirritaður hér fyrir Íslands hönd sáttmáli Alheimssamtaka heyrnarlausra um rétt allra til táknmáls. Kæru vinir: Nú er því tilefni til þessa alls; að líta um öxl, vera í núinu og horfa fram á veg.

Hversu langt aftur ættum við að rýna? Og hversu langt áfram? Frá upphafi vega hefur fólk fæðst með skerta heyrn eða enga, misst hana á lífsleiðinni eða fundið hana minnka. Í Heimskringlu Snorra Sturlusonar segir frá því að Óðinn kunní svo gera, að í orustu urðu óvinir hans blindir eða daufir, og má af því ráða að fötlun þótti hamla köppum á vígvelli. Gleymum þó ekki hinu sem segir í Hávamálum um getu heyrnardaufra til að berjast af sama mætti og aðrir:

Haltur ríður hrossi,
hjörð rekur handarvanur,
daufur vegur og dugir,

...

Þarna var þeim sannindum hampað að fólk þarf ekki að láta bugast af hvers kyns hömlum.

Sem betur fer er það ekki lengur lofað að vega mann og annan en hitt er óbreytt að þeim, sem búa við einhvers konar fötlun, má alls ekki vera útskúfað úr samfélaginu. Allir eiga rétt á að lifa við reisu, njóta sömu skilyrða og aðrir til að sýna hvað í þeim býr.

En þá þurfum við líka öll að leggjast á eitt, hjálpa þeim sem kunna að vera hjálpar þurfi, leita lausna þegar lausna er þörf. Þannig varð táknmálið til og þess vegna höldum við dag þess hátíðlegan, minnum á mikilvægi þess í samfélagi jafnra réttinda. Nú er tæpur áratugur liðinn síðan sett voru lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls. Þá voru þessi tvö mál lögð að jöfnu, skilgreind eins rétt há að lögum. Rætt hefur verið um að í stjórnarskrá Íslands þurfi ákvæði um þjóðtungu okkar. Það væri fagnaðarefni og íslenskt tákn málfengi þá sinn sess í okkar æðstu stjórnarlögum.

Og mikið er það vel til fundið að hér á eftir, að loknum stuttum ávörpum og undirritun alþjóðasáttmálans, syngur Kolbrún Völkudóttir Kvæðið um fuglana á tákn máli, þetta undurfallega lag Atla Heimis Sveinssonar við kvæði Davíðs Stefánssonar þar sem mest ber á söng og tónum, vængjaþyt og hörpuslætti sem þeir hlusta á, englar guðs í Paradís. Já, það er hægt að heyra á tákn máli.

Undanfarin ár og áratugi hefur hagur heyrnarlausra og heyrnarskertra vænkast þótt enn sé verk að vinna. Þessu má ekki síst þakka þrotlausu starfi þeirra sem hafa verið í forystusveit Félags heyrnarlausra að fornu og nýju. Ég óska félaginu allra heilla við merk tímamót, sextíu ára afmæli, og býð Heiðísi Dögg Eiríksdóttur, formann félagsins, velkomna hingað á Bessastaði. Hún mun segja nokkur orð hér á eftir og sömuleiðis Bryndís Guðmundsdóttir, formaður Málnefndar um íslenskt tákn málf.

Síðan munum við setjast hér niður og skrifa undir Sáttmála Alheimssamtaka heyrnarlausra um rétt allra til tákn máls. Auk mín munu munda penna mennta- og menningarmálaráðherra, Vigdís Finnbogadóttir, verndari íslenska tákn málsins, þær Heiðís og Bryndís, Kristín Lena Þorvaldsdóttir, forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra, Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, Hanna H. Leifsdóttir fyrir hönd skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, Krístrún Guðmundsdóttir, skólastjóri Hlíðaskóla, Guðrún Thorarensen, leikskólastjóri Sólborgar, Margrét Stefánsdóttir, formaður foreldra- og styrktarfélag heyrnardaupra, og Óskar H. Nielsson fyrir hönd Menntamálastofnunar.

Kæru gestir: Ég þyl ekki allan sáttmálann en í fyrstu grein hans er sá grunnur lagður sem við skulum byggja okkar samfélag á saman, döff og þeir sem heyra. Greinin hljómar svo:

Við undirritendur þessa sáttmála áréttum skuldbindingu okkar til að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja þátttöku heyrnarlausra í samfélaginu, viðurkenna þarfir þeirra, mannlega reisn og mannréttindi samkvæmt almenntri mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttarstöðu barnsins, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum, áætlun um sjálfbæra þróun fyrir árið 2030 og tilheyrandi þróunarmarkmiðum og öðrum alþjóðlegum mannréttindasáttmálum.

Kæru vinir: Auk þess að fagna hér 60 ára afmæli Félags heyrnarlausra, á degi íslenska tákn málsins, munum við geta glaðst yfir því að innan stundar náum við þeim áfanga, fyrst allra í heimi hér, að þjóðhöfðingi, ráðherra og hagsmunaaðilar undirrita þann alheimssáttmála sem hér bíður okkar á borðinu.

Við skulum því ekki teygja lopann frekar! Ég býð Lilju Dögg Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra að taka nú til máls.